

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 769/1997, um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.

1. gr.

3. tölul. 2. gr. orðast svo:

3. *Vöruþróunar- og markaðsdeild*: Deildin veitir framlög til vöruþróunar- og markaðs- aðgerða. Verkefnisstjórn vöruþróunar- og markaðsdeildar ráðstafar verkefnafé deildarinnar og getur í samráði við stjórn Nýsköpunarsjóðs ákveðið að árlegt ráðstöfunarfé sé ekki bundið við ávöxtun höfuðstóls deildarinnar. Kveðið er á um starfsemi deildarinnar í reglum sem stjórn Nýsköpunarsjóðsins setur og viðskiptaráðherra staðfestir.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 6. maí 1999.

Finnur Ingólfsson.

Pórður Friðjónsson.

Nr. 311

REIKNINGUR

**Gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinssonar
og frú Þórunnar Hannesdóttur árið 1998.**

Rekstrarreikningur fyrir árið 1998.

Tekjur		kr.
Vextir af bankainnstæðum		<u>3.091,11</u>
		3.091,11
Gjöld		
Fjármagnsskattur		307,00
Tekjur umfram gjöld		<u>2.784,11</u>
		3.091,11
Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1998.		
Eignir		
Bankainnstæður		<u>62.165,16</u>
		62.165,16
Skuldir		
<i>Höfuðstólsreikningur:</i>		
Hrein eign pr. 1. janúar 1998	kr.	59.381,05
Hreinar tekjur árið 1998	kr.	2.784,11
		<u>62.165,16</u>
		62.165,16

Samgönguráðuneytinu, 5. maí 1999.

F. h. r.

Halldór S. Kristjánsson.